

UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skipulagsfulltrúi

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um skotsvæðið í Álfsnesi (US210288)

Á fundi skipulags- og samgönguráðs dags. 10.11.2021 var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn Áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins sem vísað var til umsagnar hjá umhverfis- og skipulagssviði, skipulagsfulltrúa:

„Fyrirspurn Flokks fólksins um hvort sé verið að leita að nýrri staðsetningu með virkum hætti og þá hvar, innan eða utan dyra?

Skotsvæðinu í Álfsnesi var lokað án fyrirvara? Fram hefur komið að lokunin hafi komið meirihlutanum á óvart sem er sérkennilegt því málið hefur verið a.m.k. tvisvar rætt í borgarstjórn. Margir voru búnir að hafa uppi varnaðarorð og hneykslast á aðgerðarleysi heilbrigðisnefndar. Þegar loks er lokað er það ekki vegna mengunar heldur skipulagsmála. Halda mætti að "skipulagsmál" séu notuð sem átylla fyrir að loka. Finna þarf aðra lausn fyrir þá 1.500 félagsmenn og aðra sem stunda skotæfingar. Erfitt getur reynst að finna svæði þar sem ekkert mannlíf er í nágrenninu og þar sem blýmengun veldur ekki skaða og/eða þar sem skotæfingar skaða ekki náttúru. Ef utandyra er þarf það svæði að vera einangrað eða afskekkt og sem ekki er metið mikils virði út frá náttúru. Fyrirspurn Flokks fólksins lýtur að hvort verið sé að leita að nýrri staðsetningu og þá hvar, innan eða utan dyra?

Umsögn:

Starfsleyfi fyrir skotæfingasvæðið á Álfsnesi var felld úr gildi með úrskurði Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála á þeim forsendum að ekki lægju nægjanlegar heimildir fyrir fyrir starfsemi í þá gildandi Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Endurskoðun á aðalskipulagi er nú til meðferðar hjá Skipulagsstofnun (AR 2040) en þar voru sett inn ákvæði sem heimila að starfsemi sem þá þegar er á svæðum sem áætlað er að fari undir aðra landnotkun sé áfram heimil á viðkomandi landnotkunarsvæði þar til svæðið verður tekið til annarra nota skv. ákvörðun í deiliskipulagi. Umrætt ákvæði í AR2040 kemur til með að eiga við núverandi skotsvæði á Álfsnesi þar tekin verður ákvörðun um aðra nýtingu á svæðinu. Ekki hefur verið fundinn nýr staður fyrir skotæfingasvæðið á Álfsnesi enn sem komið er en unnið er að valkosta- og staðarvalsgreiningu á öðrum möguleikum.

Björn Axelsson, skipulagsfulltrúi